

Alþingi
Eriandi nr. P 136/1492
komudagur 30.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (401. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp er kveður á um að verðtryggingarálag verði að hámarki 5% til 1. janúar 2010 og álag umfram það hlutfall verði lagt inn á biðreikning.

Frumvarp þetta er vissulega virðingarvert enda markmið þess að koma til móts við heimilin í landinu með markvissum og almennum aðgerðum, eitthvað sem skort hefur á hingað til. Að mati ráðsins vekur frumvarpið hins vegar upp margvíslegar spurningar, sem greinargerð þess veitir lítil svör við, einkum hvað varðar framkvæmd þess. Að auki telur ráðið að frumvarpið feli í reynd í sér óþarfa milliskref í almennum aðgerðum til að draga úr hækkun verðtryggðra lána og þar með greiðslubyrði heimilanna. Margar hugmyndir í þá veru hafa nú þegar litið dagsins ljós, t.a.m. 20% niðurfelling skulda og lækkun á höfuðstól lána eða frystingu hluta hækkunar höfuðstólsins. Sú aðgerð sem frumvarp þetta boðar og aðrar í þá veru miða að sama marki og hafa svipaðan kostnað í för með sér fyrir þjóðarbúið. Nær væri að stíga skrefið til fulls ef vilji stjórnvalda á annað borð stendur til að fara í aðgerðir sem þessar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs